



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1288*  
*komudagur 14. 4. 2005*

Alþingi

Nefndarsvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2005  
Tilvísun: 2005030041

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.

Skipting Samkeppnisstofnunar í núverandi mynd í Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu er ætlað að auka vægi neytendamála og veita meira svigrúm en verið hefur innan Samkeppnisstofnunar til þess að móta heildstæða stefnu og stunda rannsóknir á sviði neytendamála. Slík þróun er jákvæð fyrir stöðu neytendamála hér á landi sem hingað til hefur verið veik og haft lítið vægi innan stjórnarsýslunnar. Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins að efla starf að neytendamálum og auka neytendavernd.

Alþýðusamband Íslands telur að vegna annarra verkefna sem Neytendastofu er ætlað að sinna sem ekki snúa beint að neytendamálum í hefðbundnum skilningi s.s. rafmagnsöryggismálum, öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raffanga, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk þess að sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildinu, sé hættu á að nýja stofnunin hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna. Því er mikilvægt að stofnunin fái nægilegt fjármagn til þess að sinna neytendamálum og neytendavernd.


Í 5. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi talsmann neytenda. Samkvæmt frumvarpsdrögum er hlutverk talsmanns neytenda í meginráttum sambærilegt og getið er um í 3. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna. Eina fráviknið er að talsmanni neytenda er ekki ætlað að beita sér fyrir rannsóknum á sviði neytendamála líkt og umboðsmanni barna er ætlað á sínu sviði ( e-liður 2. mgr. 3 gr.), en Neytendastofu er ætlað að sinna því hlutverki. Embættisheitið „talsmaður“ á sér ekki fordæmi hér á landi, en almenningur þekkir hlutverk umboðsmanns í gegnum störf umboðsmanns barna og umboðsmanns Alþingis og hefur embættisheitið umboðsmaður áunnið sér ákveðinn sess á sl. árum. Erfitt er að sjá fyrir sér að opinber embættismaður geti verið talsmaður ákveðins hóps í þjóðfélaginu. Þess má einnig geta að umboðsmannsheitið er notað yfir sambærileg embætti á Norðurlöndunum. Alþýðusamband Íslands telur því með öllu óeðlilegt og óásættanlegt að nota embættismannaheitið talsmaður

neytenda og leggur á það áherslu að notað verði embættismaðnaheitið umboðsmaður neytenda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Neytendastofa annist dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Ekki er gert ráð fyrir að talsmaður neytenda hafi eigið starfslið. Hætta er á að þetta takmarki sjálfstæði embættisins. Komi upp ágreiningur um forgangsröðun mála innan Neytendastofu undir forstöðu forstjóra Neytendastofu eykst hættan á því að mál dagi uppi hjá embættinu. Alþýðusamband Íslands telur eðlilegt að talmaður neytenda hafi sjálfur heimild til að ráða til sín starfsfólk til að sinna undirbúningi mála og tryggja þannig sjálfstæði embættisins.

Varðandi starf talsmanns/umboðsmanns neytenda þarf að koma skýrar fram í 7. gr. að talsmanni neytenda er ekki ætlað að taka fyrir einstök deilumál milli aðila. En hafa mætti ákvæði líkt og í 4. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna, að honum bæri að leiðbeina þeim sem til hans leita um hvaða leiðir eru færar innan stjórnslu og dómstóla.

F.h. Alþýðusambands Íslands



---

Henný Hinz  
Hagfræðingur